

Reykjaneshöfn

B.T Halldór Karl Hermannsson

Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær

Vogum, 4. september 2020

2008053

**Á 312. fundi Bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þann 02. 09. 2020, var eftirfarandi bókað:**

Erindi hafnarstjóra Reykjaneshafna dags. 19.08.2020 um uppbyggingu skipaþjónustuklasa á Suðurnesjum.

Gestir fundarins undir þessum lið verða Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri Reykjaneshafna og Þráinn Jónsson, framkvæmdastjóri SKN.

Gestir fundarins kynntu áform um uppbyggingu skipaþjónustuklasa á Suðurnesjum, og svöruðu spurningum bæjarráðsmanna um verkefnið. Fyrir liggur undirrituð viljayfirlýsing Reykjanesbæjar, Reykjaneshafna og Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur um verkefnið.

Afgreiðsla bæjarráðs:

Bæjarráð þakkar heimsóknina og kynningu verkefnisins. Bæjarráð tekur undir stuðning við verkefnið, sem er til þess fallið að bæta atvinnuástandið á Suðurnesjum. Bæjarráð hvetur ríkisvaldið til að styðja við verkefnið á allan mögulegan hátt, enda brýnt nú þegar atvinnuástandið á Suðurnesjum er afar bágborið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. Sveitarfélagsins Voga



Harpa Rós Drzymkowska, Þjónustufulltrúi